

Annar fundur Delta-deildar starfsárið 2014- 2014 haldinn á Akranesi 26. febrúar 2014

Hittumst á Safninu á Görðum og fengum kynningu hjá Bergrósu Kjartansdóttur þrjónakonunni. Hún hannar úr íslenskri ull og kynnti fyrir okkur nýjan vef sem hún hefur opnað <http://tibra.is/>, nú er hægt að kaupa uppskriftir og fá sendar í tölvupósti þegar búið er að greiða fyrir.

Síðan kom Dýrfinna Torfadóttir listhönnuður og sagði okkur örlítið frá sjálfri sér. Allar hennar vörur eru handsmíðaðar. Hún talaði um að fólk ætti að líta sér nær áður en það fer að versla annarsstaðar en í heimabyggð.

Við skoðuðum sýningu þar sem þær eru með saman á Safninu, mjög fallegir þrjónaðir hlutir eftir Bergrósu og skartgripir eftir Dýrfinnu voru þarna á safninu.

Þá var farið í Stúkuhúsið, sem er þarna við hliðina, og fundað. Þórunn setti fund og Gyða kveikti á kertunum. Þórunn gerði nafnakall og skilaði kveðju frá þeim sem ekki voru. Hún talaði um fundardaga fram á vor; 27. mars í Reykholti og 28. apríl verður aðalfundurinn, í Borgarnesi.

Jenna sagði nánar frá Vorþinginu sem verður á Ísafirði 10. maí nk. Gamma-deild ætlar að taka rútu og býðst Deltakönnum að vera samferða þeim. Þórunn sendir póst fljótlega þar sem gerð verður könnun á hverjar munu nýta sér þetta.

Síðan fór Þórunn yfir febrúar-fréttabréf frá formanni DKG.

Elsa var með orð til umhugsunar og talaði um listakonur frá Akranesi. Hún kom hún einnig með vinninginn.

Jenna fékk happdrættisvinninginn að þessu sinni.

Fengum ágætis fiskrétt og áður en við fórum heim skoðuðum við okkur um í Stúkuhúsinu.

Fundarritari: TP